

Náttúrustofa Norðausturlands

# Ársskýrsla 2006

Nóvember 2007  
Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Myndir: Náttúrustofa Norðausturlands, Þekkingarsetur Þingeyinga  
og Jón S. Ólafsson

Forsíðumynd: Straumönd, ÞLD


Útgefandi: Náttúrustofa Norðausturlands  
Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



Starfsfólk	2
Fjárhagur	3
Rannsóknaverkefni	4
Þjónustuverkefni	8
Fræðsla	10
Annað	11
Fyrirlestrar og rit	12

Náttúrustofa Norðausturlands starfar skv. lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, með síðari breytingum. Stofan er rekin af sveitarfélögum Norðurþingi og Skútustaðahreppi með aðkomu ríkisins líkt og kveðið er á um í samningi milli sveitarfélaganna og umhverfisráðuneytis. Náttúrustofan er staðsett á Húsavík, innan veggja Þekkingarseturs Þingeyinga. Starfssvæði Náttúrustofunnar nær frá Ólafsfirði í vestri og austur á Langanes.

Árið 2006 jókst starfsemi Náttúrustofunnar enn frá fyrra ári og til merkis um það hafa starfsmenn aldrei verið fleiri á einu ári. Starfsfólkið starfaði þó mislengi eins og gengur en þó ber að geta þess að þriðji fastráðni starfsmaðurinn var ráðinn á árinu. Starfsemin fólst eins og áður að mestu í rannsóknum og ráðgjöf. Tekjur Náttúrustofunnar vegna þjónustuverkefna hafa aldrei verið meiri en árið 2006. Vöxtur stofunnar árið 2006 er í samræmi við þau markmið sem stjórnendur settu sér í upphafi starfseminnar.



---

Þorkell Lindberg Þórarinnsson  
forstöðumaður



Árið 2006 störfuðu 7 starfsmenn hjá Náttúrustofunni:



*Þorkell Lindberg Þórarinnsson*, líffræðingur (M.S.) hefur starfað sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands frá því hún hóf starfsemi. Hann sér um daglegan rekstur, stjórnun og uppbyggingu stofunnar, m.a. með fjár- og verkefnaöflun. Samhliða því kom Þorkell að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar árið 2006. Þorkell var í fæðingarorlofi í tvo mánuði árið 2006.



*Sesselja Guðrún Sigurðardóttir*, líffræðingur (B.S.) vann einkum að rannsóknum á smádýralífi hálandistjarna og Staðardagskrá 21 fyrir Húsavíkurbæ. Sesselja var í fæðingarorlofi í 8 mánuði árið 2006.



*Aðalsteinn Örn Snæþórsson*, líffræðingur (B.S.) vann á Náttúrustofunni í fullu starfi frá 1. júní 2006. Hann vann að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar, einkum þó fugla-rannsóknum og fræðslu.



*Björgvin R. Leifsson*, líffræðingur (M.S.) var í hlutastarfi hjá Náttúrustofunni og vann við rannsóknir á fæðuvali straumanda í sjó.



*Theódóra Matthíasdóttir*, ferðamálafræðingur (B.A.) og jarðfræðinemi starfaði í 6 mánuði á Náttúrustofunni. Hún vann einkum að skýrslugerð vegna landnýtingar- og verndaráætlunar háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.



*Jón Einar Jónsson*, líffræðingur (Ph.D) vann fyrir Náttúrustofuna í hlutastarfi að uppfærslu og endurnýjun fuglasýningar Náttúrugripasafns Þingeyinga.



*Björgvin Friðbjarnarson*, framhaldsskólanemi vann sem sumarstarfsmaður og tók þátt í margvíslegum verkefnum.

## **Framlög/tekjur**

Náttúrustofan fékk úthlutuðum 13,4 m.kr. til reksturs af fjárlögum ríkisins árið 2006. Þar af var 5 m.kr. aukafjárveiting sem til kom vegna styrkumsóknar til fjárlaganefndar Alþingis. Samkvæmt samningi um rekstur Náttúrustofu Norðausturlands greiddu sveitarfélögin Norðurþing og Skútustaðahreppur samtals 30% af föstu framlagi ríkisins til reksturs Náttúrustofunnar, eða rúmar 2,5 m.kr.

Tekjur vegna þjónustuverkefna árið 2006 námu tæpum 5,4 m.kr.

## **Styrkir**

Náttúrustofan, í samstarfi við Hafrannsóknastofnun Íslands, fékk styrk að upphæð 1.730 þ.kr. úr Tækjasjóði Rannís. Sótt var um styrk til kaupa á rafeindatækjum vegna rannsókna á hrefnum við Ísland.







## **Stofnstærð flórgoða**

Markmið verkefnisins er að meta stofnstærð flórgoða á Íslandi með því að heimsækja og telja flórgoða á þekktum varpstöðum flórgoða. Unnið var úr gögnum og að undirbúningi greinarskrifa árið 2006.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvannsóknastöðina við Mývatn og aðrar náttúrustofur. Stefnt er á verklok árið 2007.

## **Vöktun vatnafugla**

Markmið verkefnisins er að fylgjast með breytingum á fjölda vatnafugla á votlendissvæðum í Aðaldal og Reykjadal.

Náttúrustofan hóf vöktun vatnafugla á nokkrum vötnum í Aðaldal og Reykjadal árið 2004. Talið er að vori og var vorið 2006 það þriðja sem talið var á þessum vötnum. Að auki var nú komið upp flugnagildru.



## **Vistfræði straumanda Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu**

Markmið verkefnisins er að fá heildstæða mynd af vistfræði straumanda á Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu, árið um kring. Þannig er ætlunin að gera grein fyrir þeim þáttum sem mest varða afkomu íslenskra straumanda. Að vetrinum miðast rannsóknarsvæðið við strandsvæði Tjörnes, með sérstakri áherslu á svæðið undan Lynghöfða.

Árið 2006 var haldið áfram að safna saursýnum til greininga á fæðuleifum, söfnun fór fram að vori. Sýnum var safnað við Lynghöfða líkt og árið 2005. Unnið var úr sýnunum veturinn 2006-2007.

Verkefnið er unnið í samstarfi við dr. Árna Einarsson, Náttúruvannsóknastöðinni við Mývatn og dr. Arnþór Garðarsson, Líffræðistofnun Háskólans.



## Rjúpnarannsóknir

Náttúrustofan hefur tekið þátt í rjúpnatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands á sínu starfssvæði undanfarin ár. Talningarnar eru liður í vöktun rjúpnastofnsins og hefur Náttúrustofan tekið þátt í talningum á hefðbundnu talningarsvæði á Tjörnesi. Vorið 2006 var ekki talið á Tjörnesi vegna veðurs en síðsumars tók Náttúrustofan þátt í talningum á unгахópum.

Haustið 2006 hófust rannsóknir á sjúkdómsvöldum í rjúpum en þær eru samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum og Reiknifræðistofu Háskólans. Tilgangur rannsókna er að rannsaka hlutverk sjúkdómsvalda, s.s. sníkjudýra, í stofnsveiflu rjúpunnar. Náttúrustofa Norðausturlands tók þátt í gagnasöfnun á haustdögum 2006 auk þess að veita aðstöðu á rannsóknastofu.



## Sníkjudýr í Botnsvatni

Markmið rannsóknarinnar var að kanna sýkingartíðni andablóðagða í vatnasniglum úr Botnsvatni og komast að því hver sýkingarvaldurinn er við vatnið. Athuganir sem gerðar voru í samstarfi við dr. Karl Skírnisson, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum, árin 2004 og 2005 leiddu í ljós háa sýkingartíðni andablóðagða (*Trichobilharzia*) í vatnasniglum. Haustið 2005 var auk snigla safnað tveimur öndum, stökkönd og toppönd og gáfu þær athuganir tilefni til frekari rannsókna á andfuglum. Því var auk snigla safnað nokkrum öndum haustið 2006.





## Smádýralíf í hálandistjörnum

Meginmarkmið rannsóknarinnar er þrjúþætt:

- að afla grunnupplýsinga um vistfræði tjarna á hálandum heiðum. Tjarnir á láglandi í sömu landshlutum eru hafðar til viðmiðunar.
- að meta breytileika í samfélagsgerðum smádýra í tjörnum og smávötnum og kanna hvort samfélög, einkum smádýra, endurspegli landfræðilega staðsetningu fremur en innbyrðis skyldleika. Þannig er ætlunin að varpa ljósi á tengsl samfélagsgerða innan svæða og á milli landsvæða með mismunandi jarðfræði og vatnasviðseinkenni.
- að ráða í hvaða þættir það eru sem helst móta þau samfélög smádýra sem finnast í tjörnum og smávötnum.

Alls verður gögnum safnað á fimm hálandissvæðum; á Austurlandi, Norðausturlandi, Norðvesturlandi, Vestfjörðum og á Miðhálandi. Safnað var gögnum á Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheiði ásamt láglandistjörnum í Húnaþingi sumarið 2006. Áður hefur verið safnað gögnum á Austurlandi og Norðausturlandi. Ætlunin er að bera þessi svæði saman við önnur votlendissvæði á hálandi Íslands.

Rannsóknaverkefnið er unnið í samstarfi við dr. Jón S. Ólafsson, Veiðimálastofnun, Gróu Valgerði Ingimundardóttur, Náttúrufræðistofnun Íslands og dr. Gísla Má Gíslason, Líffræðistofnun Háskólans. Verkefnið hlaut styrk frá rannsóknasjóði RANNÍS árið 2006.



© Jón S. Ólafsson



## ***Sjófuglar á Tjörnesi***

Árið 2006 hóf Náttúrustofan rannsóknir á varpi sjófugla við Tjörnes. Rannsóknin nær til svæðis sem afmarkast að Æðarfossum Laxár í vestri og Lónum í Kelduhverfi í austri. Auk þess nær rannsóknin til Mánáreyja og Lundeyjar.

Markmið rannsókna er að kanna varpútbreiðslu sjófugla við Tjörnes og bera saman við eldri upplýsingar. Hliðstæð rannsókn var gerð árin 1981 og 1982 af Náttúrufræðistofnun Íslands. Sumarið 2006 voru kannaðar sjófuglabýggðir á strandlengjunni auk þess sem farið var út í Mánáreyjar. Stefnt er að því að gagnasöfnun ljúki sumarið 2007.

Rannsóknin er unnin í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands.



## ***Svartfuglar í Skoruvíkurbjargi og ritur á Norðausturlandi***

Náttúrustofan hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í talningum á svartfuglum í Skoruvíkurbjargi. Talningarnar eru að frumkvæði dr. Arnþórs Garðarssonar prófessors hjá Líffræðistofnun Háskólans en hann hefur fylgst með svartfuglum við Ísland um áratuga skeið. Árið 2006 tók Náttúrustofan einnig þátt í að rannsaka afkomu ritu í samstarfi við Arnþór á völdum stöðum á starfssvæði Náttúrustofunnar.





## **Náttúrugripasafn Suður - Þingeyinga**

Náttúrustofan tók að sér að uppfæra fuglasýningu Náttúrugripasafns Suður – Þingeyinga fyrir Safnahúsið á Húsavík. Verkið fólst í að endurhanna sýninguna og útbúa veggspjöld með upplýsingum um fuglana á íslensku og ensku.

Markmiðið með þessari uppfærslu er að auka fræðslugildi safnsins og tengja fuglana við umhverfið þannig að gestir safnsins geri sér grein fyrir hvar helst sé að finna fuglana lifandi úti í náttúrunni.



## **Staðardagskrá 21 fyrir Húsavíkurbæ**

Náttúrustofan tók að sér gerð staðardagskrár 21 fyrir Húsavíkurbæ. Vann stofan verkið í samstarfi við staðardagskrárnefnd bæjarins. Drög voru tilbúin fyrir kosningar á vormánuðum 2006 en þá sameinaðist Húsavíkurbær þremur öðrum sveitarfélögum og myndaðist þá sveitarfélagið Norðurþing. Ákveðið var að gera ekki meira að svo stöddu á árinu vegna sameiningarinnar.

## **Verndaráætlun Mývatns og Laxár**

Náttúrustofan tók að sér gerð verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá í samstarfi við Náttúruvannsóknastöðina við Mývatn. Nokkuð hefur verkið dregist á langinn vegna óvissu um ýmsa þætti sem að gerð verndaráætlunarinnar snúa. Verkið er unnið fyrir Umhverfisstofnun og er áætlað að því ljúki árið 2007.





## **Landnýting og verndaráætlun háhitasvæða í Þingeyjarsýslu**

Náttúrustofan vann að gerð landnýtingar- og verndaráætlunar fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum fyrir orkufyrirtækin Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. Að þeirri vinnu komu einnig Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., fulltrúar sveitarfélaga og fulltrúar orkufyrirtækja. Hlutverk Náttúrustofunnar var að veita ráðgjöf um náttúruvernd og annast samantekt á náttúrufarslegum forsendum. Um var að ræða háhitasvæði við Bjarnarflag, Kröflu, Gjástykki og Þeistareyki þar sem fyrirhugað er að reisa háhitavirkjanir. Landnýtingar og verndaráætlunin rann svo síðar inn í gerð svæðisskipulags fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum.



## **Náttúrufarskönnun við Köldukvísl á Tjörnesi**

Náttúrustofan kannaði og skrifaði greinargerð um náttúrufar við Köldukvísl á Tjörnesi vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Verkið fólst í að gera grófluga grein fyrir fuglum og fiskum á fyrirhuguðu áhrifasvæði. Þannig voru meðal annars taldir fuglar á fyrirhugaðri leið rennslispípu frá stíflu að stöðvarhúsi auk þess sem fuglalíf var kannað í gílinu. Einnig voru fiskar rafveiddir, mældir og krufðir. Lauk verkinu með útgáfu skýrslu. Verkið var unnið fyrir Köldukvísl ehf.



## **Fuglaskilti á Melrakkaslétu**

Náttúrustofan tók að sér textagerð fyrir Öxarfjarðarhrepp vegna upplýsingaskilta um fuglalíf á völdum stöðum á Melrakkaslétu. Alls voru útbúin fjögur skilti og þeim komið fyrir við Kópasker, Leirhöfn, Núpsköttlu og Harðbaksvík á Melrakkaslétu. Skiltin voru öll sett upp sumarið 2006 ef frá er talið skiltið í Harðbaksvík. Með skiltunum er markmiðið að koma á framfæri upplýsingum um helstu einkenni í fuglalífi þessara staða, á íslensku og ensku. Á næstu árum er fyrirhugað að koma upp sambærilegum skiltum á fleiri fuglaríkum svæðum í Þingeyjasýslum.



## **Laxárskóli**

Náttúrustofan hefur tekið þátt í þróun verkefnis sem kallast "Laxárskólinn" (<http://laxarskolinn.is>). Með þátttöku sinni í verkefninu rækir Náttúrustofan fræðsluhlutverk sitt að vissu leyti en Laxárskólinn snýst um að kynna lífríki Laxár og Mývatns fyrir grunnskólabörnum. Haustið 2006 var farið með nemendum úr 6. bekk Borgarhólsskóla og Hafralækjarskóla að Hrauni í Aðaldal. Þar var nemendum kennt að veiða auk þess sem þeir tóku smádýrasýni úr ánni og mældu straumhraða. Síðar voru fiskarnir krufðir og sýnin skoðuð á rannsóknastofu Náttúrustofunnar.

Stefnt er að því að Náttúrustofan taki frekari þátt í þróun Laxárskólans á komandi árum, sem og annarra náttúruskóla í Þingeyjasýslum.



## **Kvikmyndagerð**

Árið 2006 aðstoðaði Náttúrustofan kvikmyndagerðarmanninn Magnús Magnússon við gerð kvikmyndar. Magnús Magnússon er löngu vel þekktur fyrir náttúrulífsvikmyndir sínar sem m.a. hafa verið notaðar sem kennsluefni í skólum landsins. Magnús vinnur nú að gerð kvikmyndar um lundann og af því tilefni hefur hann haldið nokkuð til í Lágey. Náttúrustofan aðstoðaði Magnús við að koma búnaði til og fá eyjunni.

## **Heimasíða**

Náttúrustofan heldur úti heimasíðunni [www.nna.is](http://www.nna.is) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemina og náttúrufar á Norðausturlandi. Reynt er að uppfæra heimasíðuna reglulega með fréttum.



## Starfsmannaferðir

Sumarið 2006 var farið í tvær starfsmannaferðir á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga og Náttúrustofu Norðausturlands. Hefð er orðin fyrir þessum sumarferðum stofnananna. Fyrri ferðin er alla jafna fjölskylduferð og að þessu sinni var gengið frá Brettingsstöðum í Mývatnssveit niður í Laxárdal og endað á Halldórsstöðum, ættaróðali Óla Halldórssonar forstöðumanns Þekkingarseturs.

Seinni ferðin var farin að frumkvæði Náttúrustofu og Þekkingarseturs en stofnunum og fyrirtækjum í þekkingargeiranum á Húsavík boðið að koma með. Siglt var með hvalaskoðunarfyrirtækinu Norðursiglingu út í Flatey á Skjálfanda. Á leiðinni var ýmislegt sér til gamans gert, m.a. skoðaðir hvalir, rennt fyrir fisk auk þess sem tekið var land í Flateyjardal. Í Flatey var eyjan skoðuð og grillaður kvöldverður.



## Þjónusta

Nokkuð er um að að almenningur komi með ýmis dýr til greiningar á Náttúrustofuna. Þangað berast einnig ábendingar um særða fugla en starfsfólk hefur m.a. komið nokkrum særðum fálkum suður í Húsdýragarðinn í Reykjavík til aðhlynningar. Tilkynningar um sjaldgæfa fugla eða önnur dýr eru þó nokkrar á hverju ári.

## Tæki og búnaður

Lítið bættist við í tækjakost Náttúrustofunnar árið 2006. Aðeins var keypt ný fartölva.

## Samstarf

Samtök Náttúrustofa (SNS) héldu ársfund sinn á NáttúrustofuþingiaðBakkaflöt í Skagafirði dagana 29. - 30. september 2006. Á þinginu fjölluðu náttúrustofur um sín innri mál auk þess sem efnt var til opinna fyrirlestra. Þá var skrifað undir rammasamning SNS og Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands varðandi samstarf um rannsóknir og kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum. Meðal gesta á þinginu var Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra.





## ***Fyrirlestrar og veggspjöld***

Þorkell Lindberg Þórarinsson. Orka og auðlindir við Öxarfjörð. Erindi um helstu niðurstöður umræðuhóps á ráðstefnu um auðlindir við Öxarfjörð. Flutt í Skúlagarði 27. febrúar 2006.

Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Ingvar Atli Sigurðsson, Róbert Arnar Stefánsson, Sveinn Kári Valdimarsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Þorleifur Eiríksson og Þorsteinn Sæmundsson. Starfsemi Náttúrustofa. Erindi flutt á Náttúrustofupingi að Bakkaföt í Skagafirði 30. september 2006.

Þorkell Lindberg Þórarinsson. Stofnstærð flórgoða á Íslandi. Erindi flutt á Náttúrustofupingi að Bakkaföt í Skagafirði 30. september 2006.

## ***Ritaskrá***

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2006. Könnun á náttúrufari við Köldukvísl á Tjörnesi. Skýrsla unnin fyrir Köldukvísl ehf.

